

**Ed.**

**583. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925 [Laun embættismanna].

Flutningsm.: Magnús Torfason, Guðm. Ólafsson, Jón Jónsson,  
Einar Árnason, Jónas Jónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Síðari málsgr. lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að lún nemi jafnri hundraðstölu af  $\frac{2}{3}$  launanna eins og allsherjarvisitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó eigi frekar en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 3000 kr. fyrir þá, sem eigi hafa menn á skylduframfæri, og 4200 kr. fyrir þá, sem hafa menn á skylduframfæri. Uppbótin greiðist samtímis launum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932, og falla þá úr gildi lög nr. 62, 8. sept. 1931.

**G r e i n a r g e r ð .**

Hag landsmanna er svo komið, að allir, sem betur mega, verða að sýna sjálfsafneitun og taka sinn þátt í atburðum til að fleyta þjóðarbúinu yfir kreppuna.